

Samtengingar

Yfirlitsgluggi fyrir samtengingar

Ný rennistýring

Samtengingar í sjúklingastiku

2020.1

Yfirlitsgluggi fyrir samtengingar

Yfirlitsgluggi fyrir samtengingar hefur verið yfirfarinn með tilliti til framsetningar og skilvirkni. Vinstra megin í skjámyndinni er nú kominn listi yfir þær stofnanir þar sem einstaklingur á gögn. Listinn er í tímaröð eftir aldri gagna og birtast nýjustu gögnin efst. Smellt er á heiti stofnunar til að sækja gögn frá henni. Einnig er hægt að smella á hnappinn „Sækja gögn frá öllum“ neðst í listanum. Þessi virkni kemur inn í stað tímalínu sem var áður.

Ný rennistýring

Bætt hefur verið við rennistýringu til að stækka eða minnka svæðið sem er notað til að birta lista yfir stofnanir.

Með því að vinstrismella á þessa punkta og halda músarhnappinum niðri er hægt að stækka eða minnka þennan hluta gluggans.

Samtengingar í sjúklingastiku

Nú eru gögn frá nýjustu stofnun sótt þegar smellt er á samtengingastýringuna í sjúklingaborða. Áður var sótt frá öllum stofnunum. Einnig var fyrirsögnum og undirtexta í uppstrettiglugga víxlað og orðalag lagfært.

Heilsugæsla: Heilsugæsla Veru
Heimilislæknir: Vera Heilsudóttir
Staðsetning: Heimahjúkrun Austurbæjar

Sjúkragögn á öðrum stofnunum

Sækja nýjustu gögn - Saga 2019.1 Þróunarumhverfi
mæling - skráð fyrir 8 dögum

Sækja gögn frá öllum
Jóna á sjúkragögn á 8 öðrum stofnunum

Með kveðju,

Origo Heilbrigðislausnir